

***BORGARRÁÐ 19. mars 2020: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um veginn inn á Heiðmerkursvæðið - R20030183***

Óskað upplýsinga um hvers vegna veginum inn á Heiðmerkursvæðið hefur verið lokað núna þar sem vegurinn virðist í sæmilegu ástandi og akstursskilyrði nokkuð góð á þröngum vegum á svæðinu. Fjöldi fólks nýtur útivistar þar allan ársins hring og því mikilvægt að gott aðgengi sé að þessari útivistarparadís þannig að nauðsynlegt er að gerðar verði ráðstafanir til að akstursleið um svæðið verðu opnuð á nýjan leik.